



Ályktanir haustþings SSA haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019

Ályktanir byggða- og atvinnumálanefndar

Áskoranir atvinnulífsins á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019 vekur athygli á því að viðkvæmir innviðir eru farnir að hamla þróun og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Húsnæðisskortur, dýrt og óáreiðanlegt innanlandsflug, aðgengi að framhalds- og háskólamenntun og sérfræðiþjónustu lækna, svo fátt eitt sé nefnt, gerir að verkum að erfitt reynist að fá starfsfólk og íbúa. Hið opinbera verður að tryggja grunnþjónustu í öllum landshlutum.

Samningur um sóknaráætlun

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins frá öllum ráðuneytum sem koma að sóknaráætlun. Það er forsenda þess að markmið samningsins náist. Ástæða er til að harma þá lækkun sem orðin er á fjármagni til menningarmála í sóknaráætlun landshluta. Hætta er á að það faglega starf sem unnið hefur verið í menningarmálum á Austurlandi beri skaða af. Það að minnka fjármagnið er í hrópandi andstöðu við rannsóknir á mikilvægi menningar á landsbyggðunum sem og áherslur í byggðaáætlun um eflingu byggða um allt land. Brýnt er að önnur ráðuneyti en þau sem nú þegar eru aðilar að samningi um sóknaráætlun skoði alvarlega þau tækfæri sem felast í þátttöku í samningnum og veiti fjármagni til verkefna um allt land.

Flutningskerfi raforku

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að Landsnet og Rarik styrki flutningskerfi raforku. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og skortur á orku háð atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Aðgangur að þriggja fasa rafmagni er afar mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða. Brýnt er að samnýta framkvæmdir við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í dreifbýli. Allir íbúar landsins eiga rétt á að búa við jafnan dreifikostnað raforku enda hlýtur það að teljast til grunnþjónustu.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur stjórnvöld enn á ný til að koma á jöfnun húshitunarkostnaðar, sérstaklega með tilliti til þess að 10% íbúa landsins búa við skert búsetuskilyrði af þessum sökum.

Búseturöskun í dreifbýli

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, lýsir þungum áhyggjum af stöðu sauðfjárbúskapar sem leitt hefur til búseturöskunar. Sauðfjárrækt vegur gríðarlega þungt í landbúnaði á Austurlandi. Mikilvægt er að markviss þróunar-

og rannsóknarstarfsemi eigi sér stað til að styrkja búsetu innan viðkomandi svæða, efla greinina og aðrar stoðir búsetu í dreifbýli. Áfram verði unnið að aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu.

Sjávarútvegur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur mikilvægt að stjórnvöld tryggi að sjávarútvegur, einn undirstöðuatvinnuvega Austurlands, búi við stöðugleika og skýra framtíðarsýn. Mikilvægt er að allri opinberri gjaldtöku sé stillt í hóf svo hún hamli ekki uppbyggingu greinarinnar. Ennfremur að stjórnvöld skapi hvata til þróunar og nýsköpunar í vinnslu á sjávarafurðum í öllum landshlutum.

Fiskeldi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að skapa heilbrigt og hvetjandi umhverfi fyrir fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í landshlutanum í sátt við náttúru, umhverfi og aðra atvinnustarfsemi. Fiskeldi getur orðið ein af burðarstoðum atvinnulífs á Austfjörðum og þarf líkt og aðrar atvinnugreinar starfsumhverfi sem er skýrt og stöðugt til langs tíma.. Mikilvægt er að leyfisveitingar og umsóknarferli sé skilvirkt og gagnsætt og byggi á bestu fánlegu upplýsingum. Allt kapp skal lagt á að opinbert eftirlit verði staðbundið og byggt á þekkingu sérfræðinga sem starfa í landshlutanum.. Með því móti gefst einstakt tækifæri til að framfylgja stefnumótandi byggðaaætlun um fjölgun atvinnutækifæra, sporna gegn fækkun íbúa á einstökum svæðum og einhæfu atvinnulífi. Brýnt er að tryggja að sveitarfélög fái hlutdeild í gjaldtöku hins opinbera af starfseminni.

Ferðapjónusta

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur stjórnvöld til að einfalda stjórnáætlun ferðamála. Ríkið þarf að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin, t.a.m. markaðssetningu landshlutans, upplýsingaveitu fyrir ferðamenn og uppbyggingu innviða. Gistináttagjald til sveitarfélaga, er mikilvægt fyrsta skref í þá átt og brýnt að sú breyting gangi í gegn hið fyrsta. Þingið ítrekar mikilvægi þess að framfylgt verði stefnu stjórnvalda um dreifingu ferðamanna og styrkingu innanlands- og millilandaflugs um Egilsstaðaflugvöll. - Uppbygging áfangastaðastofa um allt land er mikilvæg í þeirri vinnu og brýnt að verkefnum þeirra fylgi fullnægjandi fjármagn. Einboðið er að það fjármagn verði tengt við samning um sóknaráætlun.

Skógrækt

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, mótmælir harðlega að fjárveitingar til skógræktar lækki milli ára. Mikilvægt er að standa við áður boðuð áform um aukið fjármagn til skógræktar og þegar gerðra samninga við bændur varðandi plöntun og umhirðu nytjaskóga, sem og að gera nauðsynlega skógarplöntuframleiðslu mögulega. Fjármagn til skógræktar stuðlar að uppbyggingu skógarauðlinda, er byggðaaðgerð og sérlega áhrifarík leið til að tryggja að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Hvetja þarf til nýtingar á skógarauðlindinni og efla rannsóknir og ráðgjöf við framleiðslu skógarafurða.

Ráðstöfun ríkisjarða

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, beinir því til Alþingis að mótuð verði skýr stefna í málefnum ríkisjarða. Bent er á að jarðir í eigu opinberra aðila hafa um aldir gegnt veigamiklu hlutverki í landbúnaði og byggðaðróun á Íslandi. Enn þann dag í dag er aðgengi að ábúðarjörðum mikilvæg leið til að tryggja nýliðun í landbúnaði, enda ljóst að erfitt er að hefja búskap með kaupum á bújörð. Óásættanlegt er að Ríkiseignir og fjármálaráðuneytið reki eigin stefnu í málefnum ríkisjarða án þess að Alþingi taki afstöðu til málefnsins. Einkum er það ófært að fulltrúar ríkisins gangist fyrir því að bújörðum sé skipt upp þannig að húsakostur, þar með talin öll útihús, séu skilin frá landi þeirra. Með því er stofnað til verulegrar óvissu um framtíðarnýtingu jarðanna til landbúnaðar.

Eignarhald og nýting á landi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur Alþingi og ríkisstjórn að bregðast við og móta regluverk um kaup og eignarhald á landi með viðeigandi takmörkunum sem meðal annars má finna í löggjöf nágrannalanda okkar. Nauðsynlegt er að tryggja hagsmuni íbúa landsins, sjá til þess að landnýting sé í samræmi við mikilvæga hagsmuni nærsamfélagsins og að stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, séu tryggð úrræði til að bregðast við sé gengið gegn slíkum hagsmunum.

Ályktanir allsherjar- og samstarfsnefndar

Málefni aldraðra

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitarfélögum að endurskoðun á skipulagi og greiðslufyrirkomulagi vegna þjónustu við aldraða. Miklar áskoranir blasa við í málefnum aldraðra á komandi árum og ljóst er að það verður að stórefla alla þjónustu sveitarfélaga og fjölgja hjúkrunarrýmum. Þjónusta sveitarfélaga er því mikilvæg og lykillinn að þessari stefnu og dregur þannig úr þörf á innlögn og hjúkrunarrýmum sem er eitt dýrasta þjónustustig ríkisins. Greiðslufyrirkomulag ríkisins til sveitarfélaga vegna málefna aldraðra er óásættanlegt og m.a. er mikilvægt er að gengið verði frá nýjum rammamálum milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Haustþing SSA haldið á Borgarfirði eystri 10. – 11. október 2019 fagnar bættri þjónustu hjá HSA á sviði geðheilbrigðismála. Engu að síður blasir við að mikið fjármagn vantar í þennan málaflokk, en lýðheilsuvísar Landlæknis benda til þess að staða geðheilbrigðismála á Austurlandi sé mjög alvarleg og fari versnandi. Þingið ítrekar mikilvægi þess að ekki viðgangist mismunur á grundvelli búsetu á aðgengi að grunnþjónustu í geðheilbrigðismálum á Íslandi. Í því ljósi er mikilvægt að formfesta samráð aðila sem veita þjónustu á þessu sviði og ráðast í gerð aðgerðaráætlunar með það að leiðarljósi að íbúar sem á þjónustu þurfa að halda fá úrlausn sinna mála.

- a) Leggja þarf áherslu og aukið fjármagn í frekari þróun snemmtækrar íhlutunar og forvarna í landshlutanum og þróun fjölþættra meðferðarúrræða svo þjónustan nái til sem flestra íbúa með samvinnu ólíkra stofnana og sérfræðisviða. Vinna þarf að áframhaldandi þróun fjarheilbrigðisþjónustu og nýta hana þar sem hægt er.
- b) Tryggja þarf að kostnaður við heimsóknir til sjálfstætt starfandi sálfræðinga sé sambærilegur og hjá öðrum sérfræðingum heilbrigðiskerfisins.
- c) Tryggja þarf fleiri úrræði og skilvirkari greiningar fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda.
- d) Horfa þarf til breytinga á einingum á sviði sérfræðiþjónustu s.s. geðlæknisfræða með því t.d. að úthluta HSA einingum þannig að hægt sé að tryggja þjónustu þessa sérfræðisviðs í landshlutanum.

Verkaskipting eftirlitsstofnanna á vegum ríkisins

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að tryggja að svæðisbundnu eftirlitshlutverki, t.d. Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits, sé sinnt af viðeigandi stofnunum á Austurlandi. Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn landshorna á milli með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. Þingið mótmælir harðlega þessari meðferð fjármuna og minnir á að í nýrri byggðaáætlun er gert ráð fyrir að hið opinbera hugi að dreifingu starfa á sínum vegum.

Efling heilbrigðisþjónustu

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- a) Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eflt og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.
- b) Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar.
- c) Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum með kaupum á nauðsynlegum greiningartækjum á heilsugæslum staðsettum í nánd við sjúkraflugvelli.
- d) Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þjónustu félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstaklinga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.

- e) Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýmum til gildandi viðmiða.
- f) Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræðilegra aðstæðna í landshlutanum.
- g) Þá ítrekar þingið fyrri kröfur um að hluti þylusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Málefni einstaklinga með heilabilun

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar að fram séu komin drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun. Þingið leggur áherslu á að verkefni sem snúa að einstaklingum með heilabilun á landsbyggðinni séu sett í forgang. Þjónusta í héraði er mikilvæg því mikið álag getur verið á einstakling með heilabilun að þurfa að sækja greiningu og ráðgjöf um langan veg, ekki síst ef til vistunar kemur.

Embætti lögreglustjóra og sýslumanns á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla embætti sýslumanns og lögreglustjóra á Austurlandi með flutningi verkefna og tryggja þeim fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Nefna má að umferð vex stöðugt, ferðamönnum fjölgar og um leið hefur umfang hálendisgæslu aukist. Fjármagn hefur ekki fylgt auknum umsvifum og nú er svo komið að sýslumannsembættið getur ekki mannað afgreiðslur sínar með viðunandi hætti og er það óásættanlegt.

Húsnæðismál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að greiða fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þeim landshlutum sem búa við skekkta forsendur vegna byggingarkostnaðar, lægra markaðsverðs og erfiðleika við fjármögnun framkvæmda.

Aðstaða lögreglunnar á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar fyrri áskoranir til nýs dómsmálaráðherra að sjá til þess að farið verði í byggingu lögreglustöðvar á Seyðisfirði nú þegar. Þingið minnir á að á Seyðisfirði er landamærastöð og því er mjög brýnt að bæta aðstöðu lögreglunnar strax. Jafnframt er bent á að einnig er mikilvægt að fara í endurbætur á lögreglustöðinni í Neskaupstað.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld þeirra hafa vaxið og

verkefnum fjölgað, en tekjur ekki fylgt þeirri þróun. Því beinir þingið því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að flýta vinnu við að styrkja almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga. Þá njóti sveitarfélögin hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, skatttekjum af orkuframleiðslu og ferðaþjónustu.

Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaganna

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að vinna starfshóps um stjórnsýslulega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga ljúki sem fyrst. Ljóst er að auknum verkefnum, sem landshlutasamtökunum hefur verið falið að sinna, fylgir mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að staða þeirra sé skýr. Þingið væntir þess að hópurinn skili tillögum sem fyrst.

Skilgreining dreifbýlis og þéttbýlis

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, brýnir fyrir stjórnvöldum að bregðast við dreifbýlisskilgreiningu Rarik þannig að hún verði í samræmi við gildandi skipulag viðkomandi sveitarfélaga. Núverandi mörk dreifbýlisgjaldskrár Rarik virðast sett niður með tilviljanakenndum hætti og jafnræðis ekki gætt. Raforkulögin fela ekki í sér heimild til að telja skipulagt þéttbýli sem dreifbýli og fella undir dreifbýlisgjaldskrá, enda er það fyllilega eðlilegt að iðnaðarsvæði liggja fjarri íbúabyggð og sú aðstaða viðurkennd í þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands. Jafnframt hvetur þingið til þess að hið opinbera taki afstöðu til þess hvernig kostnaður við húshitun verði jafnaður með byggðasjónarmið í huga.

Þjóðgarðastofnun og málefni Vatnajökulsþjóðgarðs

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að áfram verði unnið að uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við þá stefnu sem lagt var upp með í upphafi og að stjórnsýsla þjóðgarðsins verði vistuð á starfssvæði hans. Hugmyndir að nýju fyrirkomulagi varðandi skipulag yfirstjórnar allra þjóðgarða á landsvísu mega ekki tefja þessa uppbyggingu. Jafnframt tekur þingið undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um hina nýju Þjóðgarðastofnun.

Tölulegar upplýsingar um samgöngur á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, felur stjórn SSA að láta taka saman tölulegar upplýsingar um samgöngur í landshlutanum sem nýst geti við áframhaldandi stefnumörkun sambandsins í samgöngumálum. Samantektin verði kynnt aðildarsveitarfélögum fyrir næsta haustþing SSA.

Umræður um hvort þessi tillaga ætti betur heima hjá samgöngunefnd en niðurstaða er sú að um gagnagrunn sé að ræða.

Tillaga að ályktun frá formanni stjórnar SSA sem vísað skal til allsherjar- og samstarfsnefndar

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, felur stjórn að vinna áfram að endurskoðun reglna um launakjör formann og stjórnar SSA,

fastafulltrúa í nefndum og fulltrúa í starfs- og vinnuhópum sem skipaðir eru af SSA. Tillaga stjórnar verði kynntar á aðalfundi SSA 2020.

Ályktanir mennta- og menningarmálanefndar

Menningarmiðstöðvar

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur menntamálaráðuneytið til að auka fjármagn og skilgreina stöðu menningarmiðstöðva á Austurlandi sem eru lykilstofnanir í austfirsku lista- og menningarlífi. Ein af meginforsendum jákvæðrar íbúápróunar er að tryggja sem jafnast aðgengi að listum og menningu, eins og fjallað er um í byggðaaáætlun. Jafnframt er lögð áhersla á að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði þróað áfram og eflt.

Varðveisla menningarminja

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur ríki og sveitarfélög til þess að rækta betur skyldur sínar gagnvart menningarverðmætum á Austurlandi. Fornleifaskráning og varðveisla menningarminja eru mjög þýðingarmiklir þættir í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu. Sögulegar heimildir mega ekki glatast, því þarf að tryggja verkefnum á borð við fornleifauppgröft í Stöðvarfirði nægt fjármagn. Aukin ferðaþjónusta í landshlutanum veldur meiri ágangi ferðamanna að viðkvæmum menningarminjasvæðum sem tryggja þarf að ekki verði raskað. Mörg tækifæri felast í verkefnum um verndarsvæði í byggð og í átaki stjórnvalda um friðlýsingar. Brýnt er að tryggð verði fjármögnun þeirra. Ennfremur hvetur þingið mennta- og menningarmálaráðuneytið og Alþingi til að beita sér fyrir breytingum á þjóðminjalögum svo að meginreglan verði sú að fornminjar séu til sýnis í þeim landshluta sem þær finnast. Mikilvægt er að á Austurlandi séu söfn sem eru í stakk búin til þess að varðveita og sýna slíka muni.

Starfsemi RÚV og annara fjölmiðla á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á RÚV ohf. að tryggja öflugri fréttamiðlun landshlutans í samræmi við markmið byggðaaætlunar. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um eflingu þjónustu á Austurlandi, hefur raunin alls ekki orðið sú. Styrkja þarf öflugra fréttþjónustu og dagskrárgerð í landshlutanum og bæta við fullu stöðugildi starfsmanns sem hefði einnig það hlutverk að nýta nýja möguleika í fjölmiðlun, s.s. gerð hlaðvarpsþátta. Á Austurlandi er hlaðvarpsþáttagerð að eflast. Þingið hvetur RÚV ohf. til að auka tengsl við þennan geira og gera efnið aðgengilegt á sínum miðlum. Þá hvetur þingið til þess að staðið verði við bakið á öðrum staðbundnum miðlum á Austurlandi.

Menntun á framhaldsskólastigi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á Austurlandi fái tækifæri til að þróa starfsemi sína til að mæta þeim áskorunum sem fylgja rekstri fámennra skóla í dreifðum byggðum, s.s. með þróun Fjarmentaskólans og samstarfi við framhaldsfræðsluna. Mikilvægt er að á Austurlandi bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist og

tengist fjölbreyttum möguleikum svæðisins. Mikilvægt er að stofnunum landshlutans verði gert kleift að vinna saman að mótun þjónustu í samræmi við menntunarþarfir íbúa á Austurlandi. Tryggja þarf skólunum fjármagn sem gerir þeim þetta kleift. Sérstaklega er brýnt að sem fyrst verði lokið við endurskoðun námskrár iðn- og verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess.

Háskólamenntun og rannsóknir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystra 11. og 12. október 2019, áréttar að vaxtamöguleikar og framtíðarhorfur Austurlands felist í uppbyggingu þekkingarsamfélags í landshlutanum. Skorað er á stjórnvöls að stórauka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfssemi á vegum hins opinbera, t. d. með því að fjölga opinbetum rannsóknatengdum störfum á svæðinu. Verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfssemi á vegum ríkisins og þingið krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Það er ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti. Brýnt er að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og námið hefjist hið fyrsta.

Fjarnám á háskólastigi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að fyrsta gráða á háskólastigi sé skilgreind sem grunnþjónusta. Þingið ítrekar þá áherslu sem fram kemur í byggðaáætlun um fjölbreytt framboð námsleiða í fjarnámi. Jafnframt er skorað á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru, s.s. í grunnnámi og endurmenntun á háskólastigi. Það er jafnréttismál að allir nemendur geti nýtt sér fjarnám í heimabyggð í auknum mæli. Því þarf námið að vera þannig skipulagt að það sé raunhæfur kostur. Þingið skorar á ríkisvaldið að veita meiri fjármunum til Austurbrúar til að tryggja aðstöðu og stuðning sem auðveldar þessum nemendum að sækja nám hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla og íslenskukennsla fyrir innflytjendur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að grunnfjárveiting til framhaldsfræðslunnar hjá Austurbrú tryggi að til staðar sé dreifð þjónusta og nám í samræmi við þarfir íbúa um allt Austurland. Þá er áriðandi að reglur um fjárveitingar til íslenskukennslu fyrir innflytjendur taki mið af landfræðilegum aðstæðum og ólíkum þörfum byggðarlaga. Vakin er athygli á að reglur um lágmarkspátttökufjölda í námshópum eru hamlandi fyrir þessa starfsemi á Austurlandi og veldur því að ekki er hægt að sinna henni sem skyldi.

Lýðskóli

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar setningu laga um lýðskóla. Markmið löggjafarinnar er að stuðla að starfrækslu lýðskóla á Íslandi sem veita almenna menntun og uppræðslu í samræmi við ákvæði laganna og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Á Seyðisfirði starfar lýðskóli á listasviði, LungA-skólinn, sem hóf starfsemi árið 2014. Mikilvægt er að löggjöfinni fylgi stuðningur stjórnvalda í formi fjármagns svo rekstur skólans sé tryggður til framtíðar.

Stoð- og grunnþjónusta leik- og grunnskóla

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að stoðþjónusta leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflað, t.d. með því að stytta biðtíma eftir greiningaferli og með komu sérfræðinga, s.s. talmeinafræðinga. Þingið beinir því til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að leita leiða, í samráði við fulltrúa fræðslu- og félagsþjónustusviða sveitarfélaganna og HSA, til að fjölga úrræðum sem skólastofnunum, nemendum og forráðamönnum standa til boða. Jafnframt er nauðsynlegt að Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnun vinni saman að miðlun þekkingar og bestu aðferða við kennslu tvítýngdra nemenda, á íslensku og móðurmáli nemanda.

Verk- og starfsnám á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar jákvæðum viðbrögðum Samtaka atvinnulífsins til að koma af stað tilraunaverkefni í uppbyggingu verk- og starfsnáms. Mikilvægt er að standa vörð um og auka fagmenntun í verk- og starfsnámi, sem og að koma á auknu framboði á lögbundnum styttri námsbrautum í starfsnámi. Nám sem hægt er að aðlaga að einstaklingnum sjálfum í tengslum við atvinnulíf og innviði Austurlands. Þingið leggur til að Austurbrú hafi frumkvæði að samstarfi Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Hallormsstaðaskóla við Samtök atvinnulífsins um framþróun menntunar á þessu sviði á Austurlandi. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka regluverk gagnvart minni sérhæfðum skólaeiningum til endurskoðunar.

Ályktanir umhverfis- og samgöngunefndar

Samgöngumál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar auknum fjárveitingum til samgöngumála og þeim verkefnum sem unnist hafa síðastliðið ár eftir áralanga kyrrstöðu. Þingið vekur jafnframt athygli á því að enn vantar töluvert uppá að fjárveitingar til málaflokksins verði fullnægjandi. Enginn einn málaflokkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, öryggis- og atvinnumála, þ.m.t. ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu. Nauðsynlegt er að fjármögnun verðandi samgönguáætlunar sé tryggð þannig að landsmenn geti treyst því að henni verði fylgt. Þingið skorar á stjórnvöld að við endurskoðun samgönguáætlunar verði gert stóráttak í samgöngumálum. Nauðsynlegt er að hlutur Austurlands verði ekki fyrir borð borinn og horft til þess hve mörg mikilvæg verkefni eru framundan fyrir framþróun landshlutans. Þá tekur þingið undir það sjónarmið að skoðaðar verði allar útfærslur á fjármögnun þeirra samgöngubóta á Austurlandi sem SSA leggur áherslu á og þeim þannig flýtt.

Jarðgangagerð

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun auka öryggi og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Þingið fagnar niðurstöðu nefndar um göng til Seyðisfjarðar sem

ráðherra samgöngumála kynnti á Austurlandi í ágúst sl. og er í fullu samræmi við ályktanir SSA á aðalfundum undanfarin ár þar sem göng undir Fjarðarheiði hafa verið tilgreind sem forgangsverkefni í jarðgangagerð. Þingið hvetur samgönguráðherra og alþingi til að tryggja að framkvæmdir sem nefndin leggur til að hefjist á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og undirbúningur hefjist strax á næsta ári. Þá er mikilvægt að hafa í huga að framtíð Austurlands alls liggur í þeirri byltingu að tengja byggðir þess saman með jarðgöngum og þar eru einnig undir Vopnafjörður og Borgarfjörður líkt og hringtenging Mið-Austurlands.

Þjónusta, nýframkvæmdir, umferðaröryggi og viðhald

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur það skipta höfuðmáli að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans geri fólki kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnstri fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, að umdæmissjúkrahúsi og Egilsstaðaflugvelli sem og inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar sem og Djúpavogs og Hornafjarðar, s.s. í Hamarsfirði. Mikilvægt er að við endurskoðun samgönguáætlunar verði gerð áætlun um umferðaröryggi eftir ákveðnum viðmiðum líkt og gert er víða erlendis. Á Austurlandi voru árin 2014–2018 sjö af tíu vegköflum í dreifbýli með flest slys og óhöpp mv. umferðarmagn, samanber slysaskýrslu Samgöngustofu fyrir árið 2018. Þingið leggur áherslu á að forsendur ákvarðanatöku samgönguuyfirvalda um framkvæmdir og forgangsroðun séu sýnilegar og nauðsynlegt er að tekið sé tillit til slysatölfræði í því samhengi. Ekki er síður mikilvægt að staðið verði við þær nýframkvæmdir í landshlutanum sem undirbúnar hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Heilsársvegur yfir Öxi er forgangsverkefni í nýframkvæmdum í vegagerð. Þá er mikilvægt að klára framkvæmdir á Borgarfjarðarvegi og hefja uppbyggingu á þjóðvegi 1 í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og víðar.

Í ljósi aukins umferðarþunga, m.a. vegna ferðamanna, eru malarvegir á borð við þá sem liggja um Efra-Jökuldal, Hróarstungu, Jökulsárhlíð, Hellisheiði og í Breiðdal óboðlegir.

Setja verður byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfljót við Egilsstaði í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu með almannahagsmuni í huga m.a. vegna innviðatenginga og ráðast í átak til að fækka hinum fjölmörgu einbreiðum brúm í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, lýsir yfir áhyggjum af stöðu almenningssamganga í dreifbýli á Íslandi og tekur undir með stjórn SSA að það verkefni verði áfram í okkar höndum á Austurlandi. Mikilvægt er að samningsgerð eigi sér stað hið fyrsta til að tryggja aðgengi að almenningssamgöngum á Austurlandi. Brýnt er að ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála bæti SSA fjárhagslegt tjón vegna málaferla sem það stendur í vegna forsendubrests fyrri samnings. Niðurstaða málsins getur að öðrum kosti ógnað fjárhagslegum grundvelli sambandsins.

Austurland ljósleiðaravætt

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar það sanngirnismál að allir íbúar landsins, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Fjármunir til framkvæmda í dreifbýli hafa ekki verið í samræmi við þær áherslur, væntingar og markmið sem samþykkt hafa verið. Þá hefur ekki verið veitt fjármagn til að tengja þéttbýli á landsbyggðinni. Þingið krefst þess að tryggt verði nauðsynlegt fjármagn til þeirra framkvæmda og að horft verði til byggðasjónarmiða við forgangsröðun þeirra. Það er ófrávíkjanleg krafa að ríkisvaldið gegni því hlutverki sínu að tryggja grunnþjónustu í fjarskiptum á landinu öllu.

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur hið opinbera að tryggja nægt fjármagn til flugþróunarsjóðs sem ætlað er að styðja flugrekstraraðila sem hyggja á flug til áfangastaða utan höfuðborgarsvæðisins. Aðeins þannig sýnir hið opinbera í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið. Þingið krefst þess að Isavia verði sett eigendastefna sem felur í sér að félagið taki yfir rekstur allra millilandaflugvalla landsins þ.m.t. Egilsstaðaflugvallar.

Reynslan af millilandaflugi sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi. Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. Isavia, ríkis, fyrirtækja í ferðaþjónustu og sveitarfélaga á Austurlandi. Jafna verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á eldsneyti, hvar sem er á landinu.

Flugþjónusta og öryggi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar að aukin flugumferð til og frá Íslandi krefst þess að ríkisvaldið tryggi nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar þannig að Egilsstaðavöllur standist kröfur um aukið þjónustustig, öryggi vegna hugsanlegra náttúruhamfara og hlutverk vallarins sem varaflugvallar. Sérstaklega þarf að horfa til framkvæmda við akbraut samhliða flugbraut, flughlið, aðflugsljós og endurnýjun á bundnu slitlagi. Tryggja þarf aðstöðu fyrir útgerð þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á Egilsstaðaflugvelli.

Þingið skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármuni svo setja megi upp nauðsynleg aðflugsljós á Norðfjarðarflugvelli svo hann geti betur sinnt hlutverki sínu gagnvart sjúkraflugi.

Innanlandsflug

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Þingið fagnar því að skilgreina eigi innanlandsflug sem almenningssamgöngur og að skoska leiðin sé komin inn í fjárlög en ítrekar mikilvægi þess að hún taki gildi í upphafi árs 2020 í samræmi við núverandi samgönguáætlun. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagn til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli.

Þingið krefst þess að Reykjavíkflugvöllur verði til framtíðar staðsettur í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu.

Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands. Þingið lýsir yfir áhyggjum af skertri þjónustu Air Iceland Connect við íbúa og fyrirtæki landshlutans.

Hafnir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafnalaga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs þannig að hann geti stutt af krafti við uppbyggingu í tengslum við aukin umsvif og nýjar atvinnugreinar. Slíkt er sérstaklega mikilvægt á jaðarsvæðum sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í atvinnulífínu á undanförunum árum. Þingið ítrekar mikilvægi þess að hafnir sem skilgreindar eru í lögum um neyðarhafnir verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni ef óhapp verður. Þá er einnig lögð sérstök áhersla á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem landamæragáttar.

Náttúruvernd

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að aðildarsveitarfélögin hugi að sameiginlegum áherslum í umhverfismálum m.a. hvað varðar friðlýsingu svæða sem til þess eru fallin. Brýnt er að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjón og rekstur slíkra svæða. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi. Þá er skorað á Umhverfisstofnun að tryggja stórauðna landvörslu á friðlýstum svæðum á Austurlandi. Þingið hvetur ríkisvaldið til þess að vandað verði til verka við undirbúning miðhálandisþjóðgarðs og telur ástæðu til þess að málið verði rætt frekar við sveitarfélögin til að ná sátt um framgang málsins.

Úrgangsmál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, vekur athygli aðildarsveitarfélaganna á mikilvægi svæðisáætlunar um meðferð úrgangs og skorar á stjórnvöld að ljúka sem fyrst sameiginlegri stefnumótun um úrgangsmál fyrir landið í heild. Jafnframt hvetur þingið til aukinnar samvinnu sveitarfélaganna á Austurlandi í úrgangsmálum. Líta þarft á úrgang sem auðlind og finna nýjar leiðir til að nýta úrganginn á grunni hringrásarhagkerfis. Stefna skal að því að mun stærri hluti úrgangs verði enduruninn og að dregið verði stórlega úr urðun úrgangs. Þingið lýsir því yfir að áform um urðunarskatt séu ótímabær enda leiðir slík skattheimta óhjákvæmilega til kostnaðarauka fyrir íbúa. Áður en slíkt kemur til greina verður að finna nýjar lausnir í úrgangsmálum landsins.

Fráveitur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, krefst þess að ríkisvaldið styðji sveitarfélögin við uppbyggingu fráveitu með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum og jafnframt með beinum fjárveitingum. Þá

er brýnt að umhverfis- og auðlindaráðherra ljúki endurskoðun reglugerðar um fráveitur samhliða þessu.

Loftlagsmál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur ríki og sveitarfélög til að grípa nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Þingið telur mikil tækifæri felast í orkuskiptum í samgöngum og rafvæðingu hafna. Hvetur þingið aðildarsveitarfélög SSA til virkrar þátttöku í nýstofnuðum samráðsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Markmið vettvangsins er að miðla þekkingu og reynslu og leita þannig tækifæra til samstarfs um lausnir sem stutt geta við markvissar aðgerðir og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis.

Ofanflóðavarnir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun svo og undirbúning frekari framkvæmda þannig að þær liggi saman. Þingið ítrekar við yfirvöld nauðsyn þess að endurskoða áhættumat ofanflóða að loknum framkvæmdum við ofanflóðavarnir á viðkomandi svæði.

Skipulag haf- og strandsvæða

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að tryggja sveitarfélögum skipulagsvald strandsvæða. Þó svo stigið hafi verið það skref í skipulagsmálum haf- og strandsvæða að stofna til Svæðisráða telur þingið að skipulag fjarðanna eigi að vera á forræði sveitarfélaga rétt eins og landsvæði innan sveitarfélagamarka.

Verndun lífríkis

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegs aðhalds á vargi í lífríkinu. Kostnaður vegna refa- og minkaveiða leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Þingið skorar á ríkisvaldið að hækka verulega kostnaðarþátttöku sína í þessu nauðsynlega verkefni.